

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING

Reykjavík, 4. mars 2005 2005020211

TILVÍSUN

T-ums 6/05

Umsögn um 364. mál, frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja.

Með bréfi háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsettu 10. febrúar 2005, er óskað eftir umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja. Fer hún hér á eftir.

Ríkisskattstjóri telur almennt óheppilegt að skattskyldu einstakra atvinnugreina eða fyrirtækja sé skipað með sérlögum. Ákvæði fyrirbyggjandi frumvarps fela í sér breytingar eða frávik frá ákvæðum laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt. Telur ríkisskattstjóri því æskilegt að fella ákvæði frumvarpsins inn í lög nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt. Efnisskipan gæti verið með eftirgreindum hætti í lögum nr. 90/2003:

1. Efni 1. mgr. 1. gr. og 2. gr. frumvarpsins yrði 2. mgr. 4. gr. laganna, svohljóðandi:
Undanþágur skv. 1. mgr. taka ekki til orkufyrirtækja, þ.e. fyrirtækja sem stunda vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni.
2. Ákvæðum II. kafla frumvarpsins og 6. gr. yrði í samræmi við efni þeirra skipað í ákvæðum til bráðabirgða við löginn.
3. Efni 5. gr. frumvarpsins yrði fellt inn í 37. gr. laganna.


Ríkisskattstjóri sér ekki að sérstök þörf sé efnis 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins sé það fellt inn í lög um tekjuskatt og eignarskatt. Atvinnufyrirtæki í eigu hins opinbera eru bókhaldsskyld skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. bókhaldslaga nr. 145/1994. Þá eru opinber orku- og veitufyrirtæki virðisaukaskattsskyld skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með þeim skyldum varðandi tilhögun bókhalds sem kveðið er á um í VIII. kafla þeirra laga. Ennfremur hvíla á opinberum orkufyrirtækjum skyldur varðandi aðgreiningu í bókhaldi skv. II. kafla reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila.

Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir fyrningu mannvirkja og búnaðar orkufyrirtækja. Þótt ekki sé það sagt berum orðum í ákvæðinu, þá verður fyrningarákvæðið vart skilið á annan veg en þann að orkufyrirtækjum verði heimilað að færa umrædda fyrningu til frádráttar tekjum við skattuppgjör. Meðal fyrnanlegra eigna er í 3. tölul. greinarinnar tiltekin ræktun. Af því tilefni vekur ríkisskattstjóri athygli á almennu ákvæði 2. mgr. 29. gr. laga nr. 90/2003 um frádrátt frá tekjum lögaðila og atvinnurekstrartekjum manna: "*Frá tekjum lögaðila og tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt að draga rekstrarkostnað, það er þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við.*" Jafnframt vekur ríkisskattstjóri athygli á ákvæði 33. gr. laga nr. 90/2003, en samkvæmt því er

annað tveggja skilgreiningaratriða fyrnanlegrar eignar, að um sé að ræða varanlegan rekstrarfjármun sem notaður er til öflunar tekna í atvinnurekstri. Ríkisskattstjóri leyfir sér að draga í efa að ræktun orkufyrirtækja uppfylli almennt þessi skilyrði frádráttar frá tekjum við skattskil.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Sigrún Högnason